



ÚTTEKT OG GREINING Á FJÁRHAGSSTÖÐU ÍSLENSKRA HAFNA 2022

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
UNNIÐ FYRIR HAFNASAMBAND ÍSLANDS





Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2022



Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna
Útgefin: 20. október 2022
Samband íslenskra sveitarfélaga
Hag- og upplýsingasvið
Borgartúni 30
Pósthólf 8100 - 128 Reykjavík
Ábyrgðaraðili: Sólveig Ástudóttir Daðadóttir



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Aðildarhafnir	4
Upplýsingar um gögn	4
Umsvif	6
Stöðugildi	6
Inn- og útflutningur	8
Landaður affi	9
Dreifing tekna	10
Sala á rafmagni	13
Rekstrarafkoma	13
Yfirlit afkomu	15
Framlegð, tekjur og aflagjöld	17
Afskriftir og fjármagnsliðir	18
Rekstrarniðurstaða	18
Sjóðstreymi	19
Rekstrarhreyfingar	19
Fjárfestingar hafnarsjóða	19
Fjármögnunarhreyfingar	19
Breytingar á handbæru fé	22
Efnahagur	22
Skuldir	22
Hafnarsjóðir í vanda	24
Fjárhagsáætlanir 2022	25
Framkvæmdir næstu ára	25
Viðauki	26



Inngangur

Hafnasamband Íslands var stofnað árið 1969 að frumkvæði Sambands íslenskra sveitarfélaga, en þar sem hafnamál eru mjög sérhæfð var talið rétt að fara þá leið að stofna sérstakt samband hafna. Hlutverk Hafnasambands Íslands er að koma fram gagnvart ríkisvaldinu og öðrum í málum er varða hafnirnar, að efla samstarf hafnanna og að vinna að hvers konar sameiginlegum hagsmunamálum þeirra. Um árabíl hefur hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga tekið saman skýrslu um stöðu hafnarsjóða á ári hverju fyrir Hafnasamband Íslands. Ársskýrslur um fjárhagsstöðu íslenskra hafna hafa verið lagðar til grundvallar í viðræðum við ríkisvaldið um gjaldskrárbreytingar og fjármál hafnanna.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir afkomu og efnahag hafna á Íslandi á árinu 2022. Hingað til hefur ársskýrsla Hafnasambandsþings verið unnin handvirkt af ábyrgðarmanni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Það merkir að viðkomandi starfsmaður hafi sótt ársreikninga og önnur gögn og því fylgt töluverðir handvirkir útreikningar. Ársskýrslan *Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2021* markaði vatnaskil með skrefi í átt að nútímanum með sjálfvirkari vinnslu gagna, en síðan þá hafa útreikningarnir verið að mestu leyti sjálfvirkir.

Aðildarhafnir

Aðild að Hafnasambandi Íslands eiga 32 hafnarsjóðir í öllum landshlutum. Undir hverjum hafnarsjóði getur verið fleiri en ein höfn. Alls eru 70 hafnir innan vébanda hafnarsjóðanna, eins og ráða má af mynd 1. Til viðbótar við þessar hafnir sem eru nefndar á myndinni fyrir ofan eru nokkrir minni löndunarstaðir víða um land.

Flestar hafnir á Íslandi eru fiskihafnir að stærstum hluta eða jafnvel eingöngu. Straumsvíkurhöfn, Grundartangahöfn, Reyðarfjarðarhöfn og Reykhólahöfn þjóna sérstaklega ákveðnum iðnfyrirtækjum. Sundahöfn, sem er í eigu Faxaflóahafna, er sérhæfð vöruflutningahöfn. Helstu áfangastaðir fyrir stór skemmtiferðaskip eru Reykjavíkurhöfn, Ísafjarðarhöfn og Akureyrarhöfn, en þær hafnir eru með aðstöðu til að taka á móti skemmtiferðaskipum sem rúma þúsundir farþega. Þessi fjölbreytti hópur hafna skapar fjölbreytt atvinnulíf hafna á Íslandi og dregur að sér ólík tækifæri.

Upplýsingar um gögn

Tölulegra gagna var aflað hjá hafnarsjóðum með svipuðum hætti og undanfarin ár. Forsvarsadilum hafnarsjóða var send fyrirspurn í formi excel-skjals og þeir bednir að um að færa inn í það upplýsingar. Þessari upplýsingar innihalda rekstur, efnahag, sjóðstreymi, framkvæmdaráætlun, bakgrunnsupplýsingar og annað tilfallandi. Í ár bárust svör frá 32 aðildarsjóðum hafnasambandsins. Hér fyrir neðan má sjá hvaða upplýsingum var óskað eftir árið 2022.

Aðildarsjóðir Hafnasambands Íslands



Svigi gefur til kynna um fjölda hafna innan þess hafnarsjóðs

Mynd 1: Hafnarsjóðir með aðild að Hafnasambandi Íslands árið 2022

- Rekstrarreikningur
 - Tekjur af aflagjöldum
 - Tekjur af vörugjöldum
 - Tekjur vegna skemmtiferðaskipa
 - Aðrar tekjur
 - **Rekstrartekjur alls**
 - Laun og tengd gjöld
 - Annar rekstrarkostnaður
 - Afskriftir
 - **Rekstrargjöld alls**
 - Fjármunartekjur og (fjármagnsgjöld)
 - Óreglulegir liðir
 - **Rekstrarniðurstaða**
- Efnahagsreikningur
 - Eignir
 - Þar af veltufjármunir
 - Skuldir og skuldbindingar
 - Þar af skammtímaskuldir
 - Eigið fé
- Sjóðstremisýfirlit
 - Veltufé frá rekstri

- Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum
- Aðrar fjárfestingarhreyfingar
- **Fjárfestingarhreyfingar samtals**
- Tekin ný langtímalán
- Afborganir langtímalána
- Aðrar fjármögnunarhreyfingar
- **Fjármögnungarhreyfingar samtals**
- **Breyting á handbæru fé**
- Framkvæmdaáætlun
 - Fyrirhugaðar framkvæmdir alls
 - Áætlaðar endurgreiðslur ríkis/Hafnabótasjóðs
 - **Framkvæmdir, nettó**
- Bakgrunnsupplýsingar
 - Hver var fjöldi stöðugilda hjá hafnarsjóðnum?
 - Hversu mikill var útflutningur í tonnum?
 - Hversu mikill var innflutningur í tonnum?
 - Hversu miklum afla var landað í tonnum?
 - Hver var rafmagnssala hjá hafnarsjóðnum í KWh?


Út frá þessum upplýsingum er frekari tölfræði reiknuð, á borð við og framlegð og skuldarhlutfall, svo eitthvað sé nefnt.

Umsvif

Stöðugildi

Hugtakið *stöðugildi* er hið sama og oft er nefnt ársverk í dagvinnu. Með stöðugildum er fundinn sammælanlegur mælikvarði á vinnuframlag sem unnið er í dagvinnu og er því mælikvarði á starfshlutfall starfsmanna. Árið 2022 töldust starfsmenn í 220,98 stöðugildum hjá hafnarsjóðum og er það hækkun um 7,53 stöðugildi frá árinu 2021. Eins og við má búast eru hafnarsjóðir Íslands misstórir í umsvifum og eru stöðugildi hafnarsjóðanna engin undantekning. Á mynd 2 má sjá hvernig hin fyrrnefndu 220,98 stöðugildi dreifast milli hafnarsjóða innan Hafnasambands Íslands.

Meðaltal stöðugilda hafna á Íslandi er 6,91 á meðan miðgildið er 3,5. Þessi munur á meðaltali og miðgildi stöðugilda hafna á Íslandi, skýrist af fáum höfnum með marga starfsmenn, þá einkum Faxaflóahafnir, og stóru hlutfalli hafna með fáa eða enga starfsmenn.



Mynd 2: *Fjöldi stöðugilda eftir hafnarsjóðum á Íslandi árið 2022*

Inn- og útflutningur

Eins og kynnt var í inngangi eru fáar hafnir sem þjóna sérstaklega iðnfyrirtækjum eða vöruflutningum. Það eru því fáar hafnir sem bera meginþunga inn- og útflutningar á Íslandi. Í töflu hér fyrir neðan má sjá þær hafnir sem eru umsvifamestar í inn- og útflutningi á Íslandi.


Tafla 1: Fimm stærstu innflutningshafnirnar

Hafnarsjóður	Innflutningur (tonn)	Hlutfall af heild (%)
Faxaflóahafnir	2.519.974	47,37
Fjarðabyggðarhafnir	908.446	17,08
Hafnarfjarðarhöfn	794.918	14,94
Reykjaneshöfn	394.760	7,42
Hafnir Norðurþings	201.433	3,79

Tafla 2: Fimm stærstu útflutningshafnirnar

Hafnarsjóður	Útflutningur (tonn)	Hlutfall af heild (%)
Faxaflóahafnir	787.065	33,72
Fjarðabyggðarhafnir	539.021	23,09
Hafnarfjarðarhöfn	259.643	11,12
Þorlákshöfn	242.972	10,41
Hafnir Vesturbyggðar	90.044	3,86

Eins og sjá má í *töflu 1* flytja fimm stærstu innflutningshafnir Íslands inn 90,6% af heildar innflutningi íslenskra hafna. Alls voru flutt inn 5,32 milljónir tonna til hafna landsins árið 2022 samanborið við 5 milljónir tonna árið á undan. *Tafla 2* sýnir fimm stærstu útflutningshafnir Íslands, sem flytja út 82,2% af heildarútflutningi íslenskra hafna. Alls voru flutt út 2,33 milljónir tonna frá höfnum landsins árið 2022 samanborið við 2,26 milljónir tonna árið á undan. Á *mynd 3* má sjá dreifingu inn- og útflutnings einstakra hafna á Íslandi.



Mynd 3: Inn- og útflutningur hafnarsjóða á Íslandi árið 2022 í þúsundum tonna

Ofangreind mynd sýnir hvernig fjórar hafnir skera sig úr þegar kemur að innflutningi; Faxaflóahafnir, Fjarðabyggðarhafnir, Hafnarfjarðarhafnir og Reykjaneshöfn. Það má einnig sjá að þessir sömu fjórir hafnarsjóðir eru afgerandi umsvifameiri í innflutningi en útflutningi. Meðal annarra hafnarsjóða er munurinn minni og breytilegt hvort innflutningur í tonnum er meiri eða minni en útflutningur í tonnum.

Landaður afli

Fiskistofa á í samstarf við löndunarhafnir um vigtun og skráningu landaðs afla. Niðurstöður vigtunar á afla eru skráðar í aflaskráningarkerfið GAFL (Gagnagrunn Fiskistofu og Löndunarhafna). Þetta verkferli starfsmanna löndunarhafna verður til þess að gögn á lönduðum afla á Íslandi þykja mjög áreiðanleg. Upplýsingum var aflað frá hafnarsjóðunum um magn landaðs afla í tonnum. Í *töflu 3* hér fyrir neðan má sjá fimm aflahæstu

hafnarsjóðina, sem ná til 68% af heildarfjölda tonna landaðs afla. Á mynd 4 má sjá hvernig löndun afla dreifist milli einstakra hafna innan hafnasambandsins, í þúsundum tonna. Eftirtektarvert er að fimm hafnir lönduðu engum afla árið 2022 og einu hafnarsjóðirnir sem ná yfir 100.000 þúsund tonn eru þessar áður nefndu fimm aflahæstu. Fjarðabyggðahafnir eru langstærstu fiskihafnir landsins, ásamt Vestmannaeyjahöfn.

Tafla 3: Fimm aflahæstu hafnarsjóðirnir

Hafnarsjóður	Afla landað (tonn)	Hlutfall af heild (%)
Fjarðabyggðarhafnir	469.180,0	29,88
Vestmannaeyjarhöfn	220.254,0	14,03
Vopnafjarðarhöfn	132.444,0	8,43
Hafnir Múlaþings	126.669,5	8,07
Faxaflóahafnir	119.225,0	7,59


Dreifing tekna

Fjárhagsleg umsvif og staða hafnarsjóða er afar mismunandi og þess ber að geta í umfjöllun um fjármál hafnarsjóða í heild. Á meðan stærstu hafnir landsins búa margar við góðan fjárhag, þá eiga flestar aðrar undir högg að sækja. Það má sjá á því hvernig rekstrartekjur hvers hafnarsjóðs dreifast sem hlutfall af heildartekjum hafnarsjóða á Íslandi, sem sýnt er á mynd 5. Margir hafnarsjóðir hafa, í samanburði við stærstu hafnarsjóðina, afar lágar tekjur og sjást því ekki á mynd.


Þessi stærðardreifing hefur í för með sér að áhrif stóru hafnarsjóðanna á heildartölur og meðaltöl eru mikil og gefa ekki endilega raunsanna mynd af stöðu hafnarsjóðanna almennt. Í töflu 4 má sjá hlutfall af heildartekjum hjá fimm stærstu hafnarsjóðunum, en þá fimm minnstu í töflu 5, ásamt hlutfalli af heildarrekstrartekjum hafnarsjóðanna.

Tafla 4: Fimm stærstu hafnarsjóðirnir

Hafnarsjóður	Rekstrartekjur	Hlutfall af heild (%)
Faxaflóahafnir	5.159.160	38,39
Fjarðabyggðarhafnir	1.301.252	9,68
Hafnasaml. Norðurlands	1.002.772	7,46
Hafnarfjarðarhöfn	873.537	6,50
Vestmannaeyjarhöfn	635.424	4,73



Mynd 4: Landaður afli á Íslandi árið 2022 í þúsundum tonna



Mynd 5: Dreifing tekna hafnarsjóða sem hlutfall af heildartekjum hafnarsjóða Íslands árið 2022

Tafla 5: Fimm minnstu hafnarsjóðirnir

Hafnarsjóður	Rekstrartekjur	Hlutfall af heild (%)
Blönduóshöfn	2.143,000	0,02
Vogahöfn	5.727,975	0,04
Hvammstangahöfn	6.067,000	0,05
Súðavíkurhöfn	9.795,000	0,07
Hólmavíkurhöfn	14.349,000	0,11

Sala á rafmagni


Í landslagi dagsins í dag eru miklar kröfur lagaðr á mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum og skref til grænnar framtíðar. Mesta umræðan um græn skref sem hafnarsjóðirnir geta tekið er um rafvæðingu hafnanna. Mengun frá skemmtiferðaskipum hefur verið áberandi í umræðunni og víða verið lýjandi fyrir íbúa við hafnirnar, en nægilega öflugur rafbúnaður er ekki tiltækur í höfnum landsins. Umræða hefur verið um að hafnarsjóðir fjárfesti í kostnaðarsömum framkvæmdum vegna sölu á rafmagni til skipa sem mikilvægra loftslagsáðgerða.

Í upplýsingaöfluninni í ár bættist við spurning um heildarrafmagnssölu hafnarsjóðanna. Heildarsala rafmagns hjá hafnarsjóðum á landinu var 22.188.657 kWh árið 2022. Mikill munur er á seldu magni af kílóvattstundum eftir hafnarsjóðum og er mikill meirihluti hafnarsjóða með sölu undir 1.000.000 kWh á árinu. Þegar dreifingin er skoðuð þá kemur í ljós að þrír söluhæstu hafnarsjóðirnir eru með 8.895.923 kWh sölu eða 40,09%. Þetta má sjá mynd 6, þar sem dreifing sölu kílóvattstunda milli hafnarsjóða er sýnd með stærð reitanna.

Árið 2021 vann Sesselía Dan Róbertsdóttir, hagfræðingur, skýrslu fyrir Hafnasambandið um nýframkvæmda- og viðhaldsþörf hafna til ársins 2031. Þar er gert ráð fyrir nýframkvæmdum við rafbúnað vegna orkuskipta, svo sem landtengibúnað, fyrir 16,6 milljarða króna. Kröfur stjórnvalda á hafnarsjóði vegna orkuskipta eru óljósar, en krafa er í samfélaginu um að hún þurfi að eiga sér stað sem fyrst. Rafvæðing hafnanna, með öflugri landtengibúnaði, þarf að vera leiðandi til þess að rafvæðing skipaflotans eigi sér stað. Fyrsti vísir að landtengingunum er kominn í nokkrum stærstu höfnum landsins, en ef ríkar kröfur eru gerðar á hafnarsjóði vegna orkuskipta næsta áratuginn, er ljóst að um kostnaðarsamar og umfangsmiklar framkvæmdir er að ræða. Þessar framkvæmdir eru þó stórt skref til grænnar framtíðar, þar sem gera má meiri kröfur til skipaflotans með m.a. kröfum um landtengingu skipa sem liggja við höfn um ákveðinn tíma.

Rekstrarafkoma

Ársreikningar hafnarsjóða lúta almennum reikningsskilareglum og þeim sérreglum sem reikningsskila- og upplýsinganefnd hefur sett reikningsskilum sveitarfélaga. Hafnarsjóðir eru



Mynd 6: Dreifing á sölu kWh eftir hafnarsjóðum Íslands árið 2022

skilgreindir sem B-hluta stofnanir í reikningum sveitarfélaga og koma því til sameiginlegs uppgjörs með A-hluta í samanteknum reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á hafnarsjóðum eins og öðrum fyrirtækjum sínum og stofnunum í B-hluta. Fjármálaeignir sveitarstjórnarlaga beinast að samstæðu A- og B-hluta sveitarfélaga. Skuldareglan kveður á um að skuldir og skuldbindingar samstæðu sveitarfélaga verði almennt ekki yfir 150% af tekjum. Samkvæmt reglugerð má þó undanskilja ákveðnar skuldir og skuldbindingar og fá þannig fram skuldaviðmið sem ekki má vera umfram 150% af tekjum. Jafnvægisreglan kveður á um að rekstur samstæðu A- og B-hluta skuli vera í jafnvægi á hverju þriggja ára tímabili.

Fyrirtæki og stofnanir í B-hluta sveitarsjóðsreikninga eiga að vera sjálfstæð, bæði er varðar stjórnun og fjárhag. Það gilda þó vissar takmarkanir við vissar aðstæður hafnarsjóðanna. Í hafnalögum er mælt fyrir um að rekstrarformi hafnar skuli breytt í höfn í eigu sveitarfélags, og þar með fært í A-hluta sveitarfélags, án sérstakrar hafnarstjórnar, þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð. Sveitarstjórn er þó heimilt með samþykki ráðherra að veita aukið fjármagn til hafnar til þess að bæta eiginfjárstöðu hennar.


Heildstætt yfirlit um rekstur og efnahag sérhvers hafnarsjóðs má finna í viðauka aftast í þessari skýrslu. Þar má sjá upplýsingar um stærðir á borð við tekjur, rekstrargjöld, laun og launatengd gjöld, veltufé frá rekstri, skuldir og skuldbindingar og eigið fé.

Yfirlit afkomu

Í þessari skýrslu, líkt og í fyrri skýrslum, er horft framhjá óreglulegum tekjum, s.s. vegna sölu eigna og framlaga sveitarsjóða til hafna. Einstaka smærri hafnir fá framlag frá sveitarsjóði og hefur eftir megni verið tekið tillit til þess í þessari samantekt.

Rekstrarniðurstaða ársins 2022 er lækkuð um sem nemur þessum fjárhæðum og er það í samræmi við meðhöndlun rekstrargagna frá hafnarsjóðunum undanfarinna ára.

Á mynd 7 má sjá betur hvernig rekstrartekjur, veltufé, skuldbindingar og rekstrarniðurstaða hafa breyst síðan árið 2017. Við blasir að rekstrartekjur hafnarsjóða árið 2022 eru hærri en árið 2021 og munar þar 2.480 milljónum króna. Í töflu 6 má sjá tölulegar upplýsingar um afkomu hafna síðustu ára ásamt hlutfalli af tekjum fyrir hverja einingu. Afgerandi hækkun er á rekstrarniðurstöðu hafnarsjóðanna frá árinu 2021 til ársins 2022, en það er vegna hárrar rekstrarniðurstöðu Faxaflóahafnar að upphæð 3.373 m.kr. Þessi upphæð telur til 58,15% af samanlagðri rekstrarniðurstöðu hafnarsjóða árið 2022. Þegar litið er til ársins 2021 þá var hlutfall rekstrarniðurstöðu Faxaflóahafna í samanlagðri rekstrarniðurstöðu hafnarsjóðanna ekki nema 39,58% og nemur hækkunin á rekstrarniðurstöðu hafnarsjóðsins 2.558m.kr.




Mynd 7: Heildarafkoma hafnarsjóða á Íslandi frá 2017 til 2022

Að notast við hlutföll getur verið gagnlegt þegar verið er að bera saman stórar tölur. Þegar



hlutfall framlegðar, rekstrarniðurstöðu og veltufé frá rekstri af tekjum er borin saman, og milli ára, þá má greina hvað það er sem veldur miklum breytingum. Á mynd 8 má sjá fyrrnefndu hlutföllin yfir fjögurra til sex ára tímabili, eftir því sem aðgengi var að tölum. Breytingin frá árinu 2021 til ársins 2022 virðist hér skýrast vegna afgerand hækkunar fjármagnstekna, auk afskrifta.



Mynd 8: Framlegð, rekstrarniðurstaða og veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum 2017-2022


Tafla 6: Heildarafkoma hafnarsjóða á Íslandi síðustu ára

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Rekstrartekjur alls (m.kr.)	9389	10054	10468	9236	10958	13438
Rekstrarniðurstaða (m.kr.)	1403	2537	2614	1129	2150	5801
Rekstrarniðurstaða (% af tekjum)	14,9%	25,2%	25%	12,2%	20%	43,2%
Veltufé frá rekstri (m.kr.)	3244	4451	4353	3241	4426	5620
Veltufé frá rekstri (% af tekjum)	34,5%	44,3%	41,6%	35,1%	40%	41,8%
Skuldir og skuldbindingar (m.kr.)	17804	12356	11698	8213	7753	8806
Skuldir og skuldbindingar (% af tekjum)	189,6%	122,9%	111,8%	88,9%	71%	65,5%

Einstaka þætti rekstrarreiknings þarf að rýna í svo hægt sé að gera grein fyrir hvað veldur rekstrarniðurstöðu hafnarsjóðanna á ári hverju. Í töflu 7 má sjá nánari sundurliðun á rekstrarreikningi og þróun þeirra frá 2019 til 2022. Sundurliðunin er einnig sýnd myndrænt á mynd 9, fyrir sama tímabil, en þar sést vel hve mikil áhrif gjöldin hafa á rekstrarniðurstöðu hafnarsjóðanna.

Tafla 7: Sundurliðun rekstrarniðurstöðu hafnarsjóða síðustu 4 ára

	2019	2020	2021	2022	Breyting milli ára
Tekjur	10.468	9.236	10.958	13.438	2.480
Gjöld	6.156	6.451	6.574	9.605	3.031
Laun og tengd gjöld	2.873	3.090	3.311	3.840	529
Annar kostnaður	3.245	3.269	3.263	4.016	753
Afskriftir	1.537	1.605	1.717	1.754	37
Fjármagnsliðir, nettó	-146	-287	-517	-181	336
Rekstrarniðurstaða	2.614	1.129	2.150	5.801	3.651



Mynd 9: Sundurliðun rekstrarniðurstöðu hafnarsjóða Íslands á árunum 2019-2022, ásamt framlegð

Framlegð, tekjur og aflagjöld

Framlegð er mismunur heildartekna og breytilegs kostnaðar, sem eru laun og annar rekstrarkostnaður. Framlegð þarf að lágmarki að standa undir afskriftum og



fjármagnskostnaði til þess að rekstur sé í jafnvægi. Framlegð hafnarsjóða nam 5.582 m.kr. á árinu 2022 sem svarar til 41,54% af tekjum. Á árinu 2021 var framlegðin 6.574 m.kr.

Rekstur sem skilar neikvæðri framlegð hefur ekki fjárhagslegan styrk til að standa undir daglegum rekstri. Hafnarsjóðir í þeim sporum voru einungis tveir árið 2022 og er rekstur þessara hafnarsjóða því ekki sjálfbær til lengri tíma litið. Þegar sveitarsjóður þarf að leggja fjármuni til hafnarsjóðs verða þeir sömu fjármunir ekki nýttir til annarra hluta og hætt við að skerða þurfi aðra þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Sem innviðir þá eru hafnirnar ómissandi í tengingu við umheiminn og að þeirra auðlind sem hafið er. Kostnaðarsamt viðhald og framkvæmdir á höfnum landsins eru nauðsynlegar fyrir framtíð þeirra og skiptir þar framlegð hafnarsjóðanna miklu máli. Jákvætt er að sjá hvað lang flestir hafnarsjóðirnir hafa jákvæða framlegð sem er samanlagt 41,54% af heildartekjum. Í heild eru 9 hafnarsjóðir með framlegð yfir 50%. Sjá má tekjur, gjöld og framlegð einstakra hafnarsjóða á árinu 2022 í *töflu 8*.

Beðið var sérstaklega um upplýsingar um tekjur af aflagjöldum, vörugjöldum og tekjum af skemmtiferðaskipum. Sundurliðunin er birt í *töflu 9*, en hún inniheldur ekki tekjur sem flokkaðar eru undir aðrar tekjur. Heildar rekstrartekjur hafnarsjóðanna námu 13.438 m.kr á árinu 2022, að meðtöldum öðrum tekjum. Tekjur af aflagjöldum haldast í hendur við þróun aflaverðmætis, þar sem álagningarprósenta hefur lítt breyst á undanförunum árum og hlutur innlendra hafna hefur verið stöðugur.

Afskriftir og fjármagnsliðir

Afskriftir eru reiknuð stærð þar sem verið er að dreifa fjárfestingarkostnaði yfir lengri tíma og gjaldfæra. Á árinu 2022 voru bókfærðar afskriftir að fjárhæð 1.754 m.kr., sem er um 22,12% af fjárfestingu ársins.

Bókfærð fjármagnsgjöld hafnarsjóða umfram tekjur námu 181 m.kr. árið 2022, samanborið við 517 m.kr. árið 2021. Rúmlega helmingur hafnarsjóða hafði hærri fjármagnstekjur en fjármagnsgjöld, en meiri þungi er af fjármagnsgjöldunum sem skilar neikvæðri niðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða

Niðurstaða um rekstrarhagnað fæst með því að leggja saman framlegð, afskriftir, og fjármagnsliði. Rekstrarhagnaður hafnarsjóða nam 5.801 m.kr. árið 2022, sem er 43% af tekjum, eins og sjá má í *töflu 10*.

Tafla 10: *Rekstrarniðurstaða hafnarsjóða síðustu ára (m.kr.)*

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Afkoma hafna sem skiluðu hagnaði	2074	2883	2660	1483	2499	5947
Afkoma hafna sem skiluðu tapi	-671	-346	-45	-354	-348	-146



	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Rekstrarafgangur alls	1403	2537	2615	1129	2150	5801
Rekstrarafgangur, % af tekjum	15%	25%	25%	12%	20%	43%

Afkoma þeirra hafnarsjóða sem reknir voru með tapi árið 2022 var -146,00 m.kr. Rekstrarafgangur hafnarsjóða með jákvæða afkomu hækkaði um 5.947,00 m.kr milli ára. Rekstrarafkoma 22 sjóða var jákvæð árið 2022, en neikvæð hjá 10 sjóðum.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi mælir þá fjárstrauma sem fara inn og út úr sjóðum rekstrareininga, þ.e. hér hafnarsjóða. Við uppgjör á sjóðstreymi er horft framhjá reiknuðum stærðum, s.s. afskriftum og breytingum lífeyrisskuldbindinga. Sjóðstreymi er ætlað að skýra hvernig handbært fé breytist á rekstrartímabilinu, þ.e. almannaksári. Breytingum á handbæru fé er skipt í þrjá þætti: rekstrar-, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar.

Rekstrarhreyfingar

Veltufé frá rekstri segir til um hve mikið lausafé verður eftir þegar búið að borga alla reikninga vegna daglegs reksturs. Það lausafé er þá til ráðstöfunar til að greiða afborganir lána og til fjármögnunar á fjárfestingum. Rekstur hafnarsjóða árið 2022 skilaði veltufé upp á 5.620 m.kr., en það svarar til 41,82% af tekjum árið 2022. Árið áður nam veltufé frá rekstri um 4.426 m.kr. eða 40% af heildartekjum árið 2021.

Fjárfestingar hafnarsjóða

Í sjóðstreymi eru færðar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum. Í samræmi við reikningsskil sveitarfélaga eru framlög frá Hafnabótasjóði dregin frá. Fjárfestingar hafnarsjóða árið 2022 námu 893 m.kr. samanborið við 1.467 frá árinu 2021, sem er lækkun um -574 m.kr. eða lækkun um 61%.

Fjármögnunarhreyfingar

Fjármögnunarhreyfingar lýsa nettólántöku á árinu og áhrifa þeirra á sjóðsstreymi, þ.e. afborgun lána lækkar handbært fé en á hinn bóginn eykur ný lántaka handbært fé. Fjármögnunarhreyfingar flestra hafnarsjóða hafa verið neikvæðar á undanfönum árum, sem jafngildir því að afborganir hafa verið meiri en lántökur og þar af leiðandi skuldir greiddar niður. Árið 2022 voru fjármögnunarhreyfingar í heild neikvæðar um 1.199 m.kr.

Tafla 8: Tekjur, gjöld og framlegð einstakra hafnarsjóða á Íslandi (þ.kr.)

	Rekstrartekjur	Breytilegur kostnaður	Framlegð	Framlegð/Tekjur
Faxaflóahafnir	5.159.160	3.096.397	2.062.763	40%
Fjarðabyggðarhafnir	1.301.252	774.234	527.017	41%
Hafnasaml. Norðurlands	1.002.772	580.898	421.874	42%
Hafnarfjarðarhöfn	873.537	515.600	357.937	41%
Vestmannaeyjarhöfn	635.424	447.474	187.950	30%
Hafnir Múlaþings	516.485	227.463	289.022	56%
Þorlákshöfn	483.574	203.330	280.243	58%
Hafnir Vesturbyggðar	362.014	156.145	205.869	57%
Hafnir Snæfellsbæjar	339.041	147.997	191.044	56%
Ísafjarðarhöfn	310.658	244.040	66.618	21%
Reykjaneshöfn	303.115	190.642	112.473	37%
Hafnir Norðurþings	289.619	164.531	125.088	43%
Grindavíkurhöfn	262.654	155.831	106.823	41%
Grundarfjarðarhöfn	203.446	97.306	106.140	52%
Vopnafjarðarhöfn	184.442	44.150	140.292	76%
Skagafjarðarhafnir	181.711	137.514	44.197	24%
Langaneshafnir	127.455	62.736	64.719	51%
Hornafjarðarhöfn	126.940	71.651	55.288	44%
Fjallabyggðarhöfn	126.074	91.910	34.164	27%
Sandgerðishöfn	123.307	86.517	36.790	30%
Bolungarvíkurhöfn	118.000	76.687	41.313	35%
Dalvíkurhöfn	108.061	98.715	9.346	9%
Kópavogshöfn	79.489	25.440	54.049	68%
Skagastrandarhöfn	68.431	40.295	28.136	41%
Stykkishólmsöfn	56.575	43.904	12.671	22%
Tálknafjarðarhöfn	33.167	27.496	5.671	17%
Reykhólahöfn	23.388	8.188	15.200	65%
Hólmavíkurhöfn	14.349	13.359	990	7%
Súðavíkurhöfn	9.795	10.000	-205	-2%
Hvammstangahöfn	6.067	7.630	-1.563	-26%
Vogahöfn	5.728	5.433	295	5%
Blönduóshöfn	2.143	2.143	0	0%
Samtals	13.437.873	7.855.656	5.582.214	41,54%

Tafla 9: Sundurliðun tekna einstakra hafnarsjóða (þ.kr.)

	Aflagjöld	Vörugjöld	Skemmtiferðaskip	Samtals
Fjarðabyggðarhafnir	405.103	398.069	6.350	809.522
Faxaflóahafnir	273.695	1.623.606	767.000	2.664.301
Vestmannaeyjarhöfn	266.434	74.964	42.367	383.765
Hafnir Vesturbyggðar	232.344	42.427	10.008	284.779
Hafnir Snæfellsbæjar	223.085	3.913	1.364	228.362
Hafnir Múlaþings	171.179	30.031	162.923	364.134
Grindavíkurhöfn	167.650	11.464	0	179.114
Hafnarfjarðarhöfn	120.000	292.000	29.270	441.270
Grundarfjarðarhöfn	118.206	4.278	40.718	163.202
Ísafjarðarhöfn	102.898	21.562	83.186	207.646
Þorlákshöfn	102.078	173.945	985	277.009
Bolungarvíkurhöfn	95.300	0	0	95.300
Vopnafjarðarhöfn	94.043	41.947	0	135.990
Hornafjarðarhöfn	85.184	11.166	0	96.350
Fjallabyggðarhöfn	80.154	1.835	8.446	90.435
Skagafjarðarhafnir	73.146	25.697	3.780	102.623
Hafnasaml. Norðurlands	71.665	99.067	500.000	670.732
Langaneshafnir	59.499	25.431	0	84.930
Sandgerðishöfn	57.020	448	0	57.468
Dalvíkurhöfn	47.343	0	0	47.343
Skagastrandarhöfn	43.795	0	0	43.795
Hafnir Norðurþings	28.808	125.325	55.100	209.233
Tálknafjarðarhöfn	27.658	4.011	0	31.669
Reykjaneshöfn	16.011	176.584	0	192.595
Stykkishólmsöfn	14.079	16.408	10.454	40.941
Súðavíkurhöfn	6.591	0	0	6.591
Hólmavíkurhöfn	4.531	1.195	0	5.726
Hvammstangahöfn	1.152	1.156	0	2.308
Blönduóshöfn	0	0	0	0
Kópavogshöfn	0	0	0	0
Reykholahöfn	0	5.481	6.260	11.741
Vogahöfn	0	0	0	0
Samtals	2.988.651	3.212.010	1.728.211	7.928.874



Breytingar á handbæru fé

Niðurstaða sjóðsins er breyting á handbæru fé, en með handbæru fé er átt við laust fé í sjóði, þ.e. hreyfing í upphafi árs annars vegar og lok árs hins vegar. Þeir hafnarsjóðir sem hafa jákvæða breytingu á handbæru fé og þar með stækkað yfir árið eru 8 talsins, 7 hafa minnkað og 17 hafa staðið í stað.

Efnahagur

Eigið fé hafnarsjóðanna eru heildareignir að frádregnum skuldum, samkvæmt bókhaldi hvers hafnarsjóðs. Í lok árs 2022 nam eigið fé hafnarsjóða 41.874 m.kr. sem hækkun um 6.881 m.kr frá árinu 2021. Í *töflu 11* og *töflu 12* má sjá þá fimm hafnarsjóði með mest eigið fé annars vegar, og þá fimm hafnarsjóði með minnst eigið fé árið 2022, hins vegar.

Tafla 11: *Þeir fimm hafnarsjóðir með mest eigið fé*


Hafnarsjóður	Eigið fé
Faxaflóahafnir	18.231.927
Fjarðabyggðarhafnir	6.087.070
Hafnarfjarðarhöfn	3.896.048
Hafnasaml. Norðurlands	2.813.644
Vestmannaeyjarhöfn	2.193.695

Tafla 12: *Þeir fimm hafnarsjóðir með minnst eigið fé*

Hafnarsjóður	Eigið fé
Hafnir Norðurþings	-743.162
Sandgerðishöfn	-373.190
Hvammstangahöfn	-98.084
Kópavogshöfn	-75.932
Súðavíkurhöfn	-11.633

Skuldir

Skuldir og heildarskuldbindingar hafnarsjóða námu í árslok 2022 66% af tekjum, samanborið við 61% árið 2021. Eins og sjá má á *mynd 10* er skuldastaða hafnarsjóða mjög misjöfn. Alls voru aðeins 9 hafnarsjóðir yfir 150% skuldahlutfalls viðmiðinu og hinir eftirstandandi 23 undir því. Áhyggjuefnið, sem greina má af *mynd 10*, er þó hversu langt yfir skuldahlutfallinu sumar hafnir eru og bendir það til þess að þeir hafnarsjóðir eigi í miklum erfiðleikum í rekstri.



Mynd 10: Skuldastaða hafnarsjóða Íslands árið 2022



Á heildina litið var veltufjárhlutfall árið 2022 5,63, samanborið við 4,93 árið 2021 og 10 hafnarsjóðir með veltufjárhlutfall undir 1 (einum). Langtímaskuldir hafnarsjóða voru í heild 6.523 m.kr en skammtímaskuldir voru 2.283 m.kr.. Samtals voru skuldir hafnarsjóðanna 8.806 m.kr árið 2022.

Hafnarsjóðir í vanda

Erfiðleikar í rekstri eru metnir á grundvelli eftirfarandi stærða:

1. Neikvætt veltufé frá rekstri
2. Neikvætt eigið fé
3. Skuldahlutfall umfram 150% af tekjum
4. Veltufjárhlutfall undir 1 (einum)

Í töflu 13 má sjá þá hafnarsjóði á Íslandi sem hafa áhyggjustig yfir 0, ásamt þeim lykilstærðum sem notaðar eru til að skilgreina rekstur sem á undir högg að sækja, en þeir eru 12. Áhyggjustig eru skilgreind sem fjölda skilyrða uppfyllt af þessum fjórum ofangreindum. Sé stigið yfir 1 telst rekstur í erfiðleikum, sem verða meiri eftir því sem áhyggjustigið hækkar.

Greiðsluhæfi til skamms tíma má meta með veltufjárhlutfalli, þ.e. hlutfallinu á milli veltufjármuna og skammtímaskulda. Um er að ræða kröfur sem falla til innan árs. Vert er að minna á að afborganir næsta árs af langtímalánun er færð með skammtímaskuldum, enda á gjalddaga innan árs. Þegar veltufjárhlutfallið er undir 1 (einum eða 100%) eru skammtímaskuldir umfram veltufjármuni, en við slík skilyrði getur hafnarsjóður lent í lausafjávanda.

Alls voru fjórir hafnarsjóðir með neikvætt veltufé frá rekstri og sex hafnarsjóðir með neikvætt eigið fé. Það blasir við að hafnir sem glíma við þrálátan skuldavanda þurfa að skapa verulegt veltufé úr sínum rekstri til að standa undir greiðslubyrði lána og nauðsynlegu viðhaldi. Við þau rekstrarskilyrði sem þessar hafnir búa við er vandséð að þær forsendur geti staðist að óbreyttum rekstrarumsvifum. Það er líka ljóst að hafnir sem fyrst og fremst eru fiskihafnir standa margar höllum fæti og rétt að fylgjast vel með þróun þeirra á næstu árum.

Eins og fram kom í kaflanum að framan voru níu hafnarsjóðir með skuldahlutfall umfram 150% af tekjum og að auki voru tíu hafnarsjóðir með veltufjárhlutfall undir 1. Þegar þetta er allt tekið saman þá er það aðeins einn hafnarsjóður með áhyggjustig 4, fjórir hafnarsjóðir með áhyggjustig 3, sex hafnarsjóðir með áhyggjustig 2 og einn hafnarsjóður með áhyggjustig 1.

Ef skoðuð er sambærileg tafla með áhyggjustigum frá árinu 2021 þá hefur áhyggjustigið hækkað hjá Blönduóshöfn um eitt stig og Hornafjarðarhöfn bætist við listann með eitt áhyggjustig, en ekkert áhyggjustig árið 2021. Súðavíkurhöfn lækkar áhyggjustig sitt um eitt stig og hefur það lækkað um heil tvö stig hjá Hólmavíkurhöfn. Hafnir Fjallabyggðar, Reykhólahöfn og Vopnafjarðarhöfn voru með eitt áhyggjustig árið 2021 en hafa ekkert



Tafla 13: Hafnarsjóðir og lykilstærðir til að meta stöðu reksturs

	Veltufé	Eigið fé	Skulda- hlutfall	Veltufjár- hlutfall	Áhyggjustig
Hvammstangahöfn	-3030	-98084	1808%	0,003	4
Hafnir Norðurþings	-6170	-743162	639%	1,097	3
Kópavogshöfn	54050	-75932	618%	0,004	3
Sandgerðishöfn	24851	-373190	434%	0,096	3
Súðavíkurhöfn	0	-11633	1567%	0,024	3
Blönduóshöfn	-2143	14259	0%	0,000	2
Dalvíkurhöfn	501	194255	229%	0,282	2
Grindavíkurhöfn	104002	-501	215%	1,328	2
Hólmavíkurhöfn	50	50726	639%	0,000	2
Reykjaneshöfn	108610	1140058	410%	0,477	2
Vogahöfn	-1587	2387	97%	0,000	2
Hornafjarðarhöfn	58613	546055	112%	0,026	1

áhyggjustig árið 2022. Þetta er almennt góð þróun enda styttist listinn af hafnarsjóðum með áhyggjustig milli ára.

Fjárhagsáætlanir 2022

Spurt var sérstaklega um fjárhagsáætlanir fyrir árin 2023 og 2024. Fjárhagsáætlanir hafnarsjóða gefa ágætis mynd af stefnu hafna á Íslandi, en þó þarf að taka tillit til mismunandi markmiða sjóðanna á hverjum tíma. Fjárhagsáætlanir fyrir árið 2023 gera ráð fyrir að tekjur muni hækka um 100,01% frá liðnu ári og að rekstarafgangur hækki um 204,75 m.kr. Þá sýna einnig áætlanir áform um að fjárfestingar minnki um 61,93% milli áranna.

Framkvæmdir næstu ára

Falast var eftir upplýsingum um framkvæmdir áranna 2022 til 2024. Einnig var falast eftir áætlunum endurgreiðslum frá Hafnabótasjóði þessara ára. Það er ljóst að hafnarsjóðir reikna með töluverðum framkvæmdum næstu árin. Hvort þau áform ná fram að ganga ræðst m.a. af því fjármagni sem Hafnabótasjóður fær til ráðstöfunar en á ýmsu hefur gengið í þeim eignum. Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer Vegagerðin með stjórn sjóðsins í umboði innviðaráðherra.



Tekjur Hafnabótasjóðs eru tekjur af starfsemi sjóðsins og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán vegna starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Tafla 14: *Fyrirhugaðar framkvæmdir hafnarsjóða Íslands*

	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun	Þriggja ára áætlun
Fyrirhugaðar framkvæmdir	5.100.361	9.030.894	8.724.763
Áætlaðar endurgreiðslur	1.160.134	1.074.327	334.788
Nettó	2.139.228	3.037.917	2.206.851

Viðauki

Hér á næstu blaðsíðum má finna töflur sem innihalda upplýsingar sem unnar eru fyrir samanburð og yfirlit á hafnarsjóðum á Íslandi árið 2022. Allar fjármálaupplýsingar í viðauka eru í þúsundum króna.



Hafnarsjóður	Tekjur af aflagjöldum	Tekjur af vörugjöldum	Tekjur vegna skemmtiferðaskipa	Aðrar tekjur	Rekstrartekjur alls	Laun og tengd gjöld	Annar rekstrarkostnaður	Afskriftir
Blönduóshöfn	0	0	0	2143	2143	0	2143	459
Bolungarvíkurhöfn	95300	0	0	22700	118000	39000	37687	1000
Dalvíkurhöfn	47343	0	0	60718	108061	61034	37681	21672
Faxaflóahafnir	273695	1623606	767000	3261859	5159160	1461456	1634941	857161
Fjallabyggðarhöfn	80154	1835	8446	35639	126074	50631	41279	17000
Fjarðabyggðarhafnir	405103	398069	6350	498080	1301252	270065	504170	232564
Grindavíkurhöfn	167650	11464	0	83540	262654	71470	84361	22265
Grundarfjarðarhöfn	118206	4278	40718	40244	203446	51552	45754	12842
Hafnarfjarðarhöfn	120000	292000	29270	432267	873537	260000	255600	116500
Hafnasaml. Norðurlands	71665	99067	500000	332040	1002772	381211	199687	96644
Hólmavíkurhöfn	4531	1195	0	8623	14349	6441	6918	2670
Hornafjarðarhöfn	85184	11166	0	30590	126940	48116	23535	21045
Hvammstangahöfn	1152	1156	0	3759	6067	161	7469	595
Ísafjarðarhöfn	102898	21562	83186	103012	310658	127500	116541	27000
Kópavogshöfn	0	0	0	79489	79489	13106	12334	15802
Langaneshafnir	59499	25431	0	42525	127455	0	62736	15899
Hafnir Múlaþings	171179	30031	162923	152351	516485	98971	128492	22503
Hafnir Norðurþings	28808	125325	55100	80386	289619	88762	75769	75374
Reykhólahöfn	0	5481	6260	11647	23388	0	8188	1653
Reykjaneshöfn	16011	176584	0	110520	303115	95541	95101	44682
Sandgerðishöfn	57020	448	0	65839	123307	52769	33748	9601
Skagafjarðarhafnir	73146	25697	3780	79088	181711	75883	61631	21327
Skagastrandarhöfn	43795	0	0	24636	68431	21618	18677	8259
Hafnir Snæfellsbæjar	223085	3913	1364	110679	339041	98554	49443	29984
Stykkishólmshöfn	14079	16408	10454	15634	56575	25417	18487	5247
Súðavíkurhöfn	6591	0	0	3204	9795	4380	5620	1470
Tálknafjarðarhöfn	27658	4011	0	1498	33167	18517	8979	2668
Þorlákshöfn	102078	173945	985	206565	483574	114683	88647	48228
Vestmannaeyjarhöfn	266434	74964	42367	251659	635424	214596	232878	35963
Hafnir Vesturbýggðar	232344	42427	10008	77235	362014	65491	90654	-24614
Vogahöfn	0	0	0	5728	5728	0	5433	0
Vopnafjarðarhöfn	94043	41947	0	48452	184442	23033	21117	10371
Samtals	2988651	3212010	1728211	6282349	13437873	3839958	4015700	1753834
Miðgildi	72405,5	11315	492,5	63278,5	154583	52160,5	43516,5	16449,5
Meðaltal	93395,3	100375,3	54006,6	196323,4	419933,5	119998,7	125490,6	54807,3



Hafnarsjóður	Rekstrargjöld alls	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	Óreglulegir liðir	Rekstrarniðurstaða	Eignir	Veltufjármunir	Skuldir og skuldbindingar	Skammtímaskuldir
Blönduóshöfn	2602	0	0	-459	14259	0	0	0
Bolungarvíkurhöfn	77687	1800	0	-29200	215484	23561	11012	7323
Dalvíkurhöfn	120387	-23069	0	-35395	441488	26095	247233	92432
Faxaflóahafnir	3953558	98343	2069351	3373296	18829544	5007332	597617	597617
Fjallabyggðarhöfn	108910	3823	0	20987	560881	193286	52105	2670
Fjarðabyggðarhafnir	1006798	53230	-1361	346323	6395087	1690550	308017	24108
Grindavíkurhöfn	178096	-49250	0	35308	564212	67709	564713	50972
Grundarfjarðarhöfn	110148	-15	0	92982	586526	116533	1156	1156
Hafnarfjarðarhöfn	632100	19770	0	261144	3896420	963064	372000	103497
Hafnasaml. Norðurlands	677542	-295570	0	295660	2138057	383026	292561	17728
Hól mavíkurhöfn	16029	-3968	0	-5648	40982	0	91708	60535
Hornafjarðarhöfn	92696	0	0	34243	403850	7152	142205	273839
Hvammstangahöfn	8225	1025	0	-3183	11582	327	109666	107567
Ísafjarðarhöfn	270769	-14996	0	24893	NA	200100	340872	66420
Kópavogshöfn	41242	-59181	0	-20934	415052	99	490984	24990
Langaneshafnir	78635	-15208	0	33611	295956	61657	125394	13653
Hafnir Múlaþings	249966	-5322	0	261197	1282308	562065	134818	44803
Hafnir Norðurþings	239905	165730	0	49713	1103110	45478	1850301	41450
Reykholahöfn	9841	-1495	0	12053	54385	5257	15884	0
Reykjaneshöfn	235324	-97957	0	-30166	2383274	66827	1243216	140188
Sandgerðishöfn	96118	46079	0	-18890	162142	13587	535332	141825
Skagafjarðarhafnir	158841	5438	0	17432	594363	127253	57896	57896
Skagastrandarhöfn	48554	2	0	19879	297424	126501	4045	4045
Hafnir Snæfellsbæjar	177981	2508	0	163568	1331491	186314	23666	23666
Stykkishólmsöfn	49151	1515	0	107241	92369	49049	30398	5294
Súðavíkurhöfn	11470	0	0	-1664	138214	3657	153504	153504
Tálknafjarðarhöfn	30164	2177	0	65508	64401	17923	22632	2210
Þorlákshöfn	251558	2171	0	234186	1577357	437512	340372	113613
Vestmannaeyjarhöfn	479567	14410	0	170267	2408732	1561681	215037	5508
Hafnir Vesturbyggðar	131531	-13482	0	217001	724147	263080	211535	68699
Vogahöfn	5433	297	0	-2	7949	0	5562	5562
Vopnafjarðarhöfn	54521	-19805	0	110117	899959	654173	214873	30368
Samtals	9605349	-181000	2067990	5801068	47931005	12860848	8806314	2283138
Miðgildi	109529	1	0	33927	560881	67268	147854,5	35909
Meðaltal	300167,2	-5656,2	64624,7	181283,4	1546161,5	401901,5	275197,3	71348,1

Hafnarsjóður	Eigið fé	Veltufé frá rekstri	Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	Aðrar fjárfestingarhreyfingar	Fjárfestingarhreyfingar samtals	Tekin ný langtímalán
Blönduóshöfn	14259	-2143	0	0	0	0
Bolungarvíkurhöfn	226496	40700	0	0	50300	0
Dalvíkurhöfn	194255	501	-6006	-11503	-17509	0
Faxaflóahafnir	18231927	2142296	-1008683	1205012	196329	0
Fjallabyggðarhöfn	508776	42656	77786	0	77786	0
Fjarðabyggðarhafnir	6087070	594472	-587767	0	-587767	0
Grindavíkurhöfn	-501	104002	-23162	0	-23162	0
Grundarfjarðarhöfn	585371	105833	40574	0	40574	0
Hafnarfjarðarhöfn	3896048	386996	-206681	202	-206479	0
Hafnasaml. Norðurlands	2813644	415153	121772	0	396363	0
Hólmavíkurhöfn	50726	50	8314	0	8264	0
Hornafjarðarhöfn	546055	58613	0	0	0	0
Hvammstangahöfn	-98084	-3030	0	0	0	0
Ísafjarðarhöfn	652678	62670	-120388	0	-120388	273000
Kópavogshöfn	-75932	54050	-17077	0	-17077	0
Langaneshafnir	170562	60456	-1700	0	-1700	0
Hafnir Múlaþings	1147490	296072	-150412	0	-150412	0
Hafnir Norðurþings	-743162	-6170	24018	9513	33531	0
Reykholahöfn	38501	13706	-24566	-3028	-13888	0
Reykjaneshöfn	1140058	108610	-43600	975	-42625	0
Sandgerðishöfn	-373190	24851	-2350	0	-2350	0
Skagafjarðarhafnir	536467	43606	-67585	0	-67585	0
Skagastrandarhöfn	293379	34498	10990	0	10990	0
Hafnir Snæfellsbæjar	1307825	193552	-105823	-4023	83706	0
Stykkishólshöfn	61971	13853	-899	0	-899	0
Súðavíkurhöfn	-11633	0	29000	78758	107758	0
Tálknafjarðarhöfn	41769	5442	-10484	0	-10484	0
Þorlákshöfn	1236985	286202	-340189	-1907	-342096	200000
Vestmannaeyjarhöfn	2193695	202361	-163811	0	-163811	0
Hafnir Vesturbyggðar	512612	206589	-115733	0	-115733	0
Vogahöfn	2387	-1587	0	0	-1587	0
Vopnafjarðarhöfn	685085	135153	-13221	0	-13221	0
Samtals	41873589	5620013	-2697683	1273999	-893172	473000
Miðgildi	401077,5	56331,5	-8245	0	-2025	0
Meðaltal	1308549,7	175625,4	-84302,6	39812,5	-27911,6	14781,2





Hafnarsjóður	Afborganir langtímalána	Aðrar fjármögnunarhreyfingar	Fjármögnunarhreyfingar samtals	Breyting á handbæru fé	Fyrirhugaðar framkvæmdir alls	Áætlaðar endurgreiðslur ríkis/Hafnabótasjóðs	Framkvæmdir, nettó
Blönduóshöfn	0	2143	2143	0	0	0	0
Bolungarvíkurhöfn	6300	0	8300	2700	69500	37500	32000
Dalvíkurhöfn	-7638	24646	17008	0	8173	-2167	6006
Faxaflóahafnir	0	-766000	-766000	1775716	1008683	0	0
Fjallabyggðarhöfn	0	22672	22672	-26802	77786	0	77786
Fjarðabyggðarhafnir	-18418	-27659	-46076	-364	485000	0	485000
Grindavíkurhöfn	-41646	-10415	-52061	0	0	0	0
Grundarfjarðarhöfn	995	0	995	1	43300	22000	21300
Hafnarfjarðarhöfn	-6267	11607	5340	334048	262000	0	262000
Hafnasaml. Norðurlands	11712	0	11712	0	282500	120075	162425
Hólmavíkurhöfn	2703	0	8264	0	8510	196	8314
Hornafjarðarhöfn	0	-89966	-89966	-31353	0	0	0
Hvammstangahöfn	-4343	7031	2688	0	0	0	0
Ísafjarðarhöfn	-41303	-235863	-4166	NA	486500	-286500	NA
Kópavogshöfn	-37254	NA	-36973	0	17000	0	17000
Langaneshafnir	-9875	-50572	-60447	0	5000	0	5000
Hafnir Múlaþings	-41832	-173188	-215020	-76029	371976	-221563	150413
Hafnir Norðurþings	30280	42943	73223	0	0	0	0
Reykholahöfn	0	13888	13888	0	205599	-181033	24566
Reykjaneshöfn	-29193	-14275	-43468	2016	65399	21799	43600
Sandgerðishöfn	-24774	5435	-19339	109	0	0	0
Skagafjarðarhafnir	0	12353	12353	-2115	145097	-77512	67585
Skagastrandarhöfn	0	22757	22757	751	13260	2270	10990
Hafnir Snæfellsbæjar	0	0	0	83706	176440	70618	105822
Stykkishólmshöfn	-4272	-16023	-20295	0	3000	1800	1200
Súðavíkurhöfn	0	0	0	1923	70000	38000	32000
Tálknafjarðarhöfn	-1442	7940	6498	0	0	0	0
Þorlákshöfn	-3115	845	197730	-83295	916096	-591589	324507
Vestmannaeyjarhöfn	0	-40572	-40572	0	163800	0	0
Hafnir Vesturbyggðar	-26714	-58247	-84961	-8320	215742	-114028	101714
Vogahöfn	0	1587	1587	0	0	0	0
Vopnafjarðarhöfn	-24210	-102262	-126472	0	0	0	0
Samtals	-270306	-1409195	-1198658	1972692	5100361	-1160134	1939228
Miðgildi	-721	0	497,5	0	54349,5	0	10990
Meðaltal	-8447,1	-45457,9	-37458,1	63635,2	159386,3	-36254,2	62555,7



Hafnarsjóður	Hver var fjöldi stöðugilda hjá hafnarsjóðnum?	Hversu mikill var útflutningur í tonnum?	Hversu mikill var innflutningur í tonnum?	Hversu miklum afla var landað (tonn)?	Hver var rafmagnssala hjá hafnarsjóðnum í KW?	Skuldahl.	Veltufjárhl.
Blönduóshöfn	0	0	0	0	0	0	0
Bolungarvíkurhöfn	2	0	0	15600	6	0	3
Dalvíkurhöfn	3	0	0	12371	341871	2	0
Faxaflóahafnir	78	787065	2519974	119225	3980935	0	8
Fjallabyggðarhöfn	4	0	0	2250	358598	0	72
Fjarðabyggðarhafnir	15	539021	908446	469180	1079290	0	70
Grindavíkurhöfn	4	0	25253	31061	820000	2	1
Grundarfjarðarhöfn	3	0	11000	27112	436166	0	101
Hafnarfjarðarhöfn	15	259643	794918	36245	2807653	0	9
Hafnasaml. Norðurlands	18	61159	142703	20830	1273453	0	22
Hólmavíkurhöfn	0	0	0	0	7603	6	0
Hornafjarðarhöfn	3	44600	10700	95000	630000	1	0
Hvammstangahöfn	0	0	3920	262	40461	18	0
Ísafjarðarhöfn	10	17184	29753	17137	793268	1	3
Kópavogshöfn	1	0	0	0	341464	6	0
Langaneshafnir	2	29961	3144	73378	738200	1	5
Hafnir Múlaþings	7	42604	13602	126670	446548	0	13
Hafnir Norðurþings	7	59419	201433	4833	401200	6	1
Reykholahöfn	0	1046	0	18836	227535	1	Inf
Reykjaneshöfn	5	1921	394760	3282	484596	4	0
Sandgerðishöfn	4	1120	0	12000	475814	4	0
Skagafjarðarhafnir	4	17987	25819	24308	967240	0	2
Skagastrandarhöfn	1	0	0	11495	210200	0	31
Hafnir Snæfellsbæjar	7	0	8487	39883	1331955	0	8
Stykkishólmsöfn	2	0	4642	3334	6115	1	9
Súðavíkurhöfn	2	0	0	136	49629	16	0
Tálknafjarðarhöfn	1	518	1981	2186	105598	1	8
Porlákshöfn	6	242972	159215	19797	752020	1	4
Vestmannaeyjarhöfn	12	80869	40678	220254	2107335	0	284
Hafnir Vesturbyggðar	4	90044	13325	31297	950000	1	4
Vogahöfn	0	0	0	0	0	1	0
Vopnafjarðarhöfn	2	57144	6105	132444	23904	1	22
Samtals	222	2334277	5319858	1570406	22188657	74	Inf
Miðgildi	3,5	1083	7296	17986,5	441357	1	4
Meðaltal	6,9	72946,2	166245,6	49075,2	693395,5	2,3	Inf